

**1925 nr. 31 27. júní****Lög um einkening fiskiskipa**

Tóku gildi 23. september 1925. Breytt með 1. 116/1990 (tóku gildi 31. des. 1990) og 1. 19/1991 (tóku gildi 1. júlí 1992 nema 1. og 3. mgr. 29. gr. sem tóku gildi 17. apríl 1991).

**■ 1. gr.**

□ Öll skip, íslensk sem erlend, sem ætluð eru til fiskiveiða, skulu bera á sér glögg heiti sitt og heimilisfang, er þau koma í íslenska landhelgi eða hafast þar við.<sup>1)</sup>

□ Botnvörpuskip og önnur fiskiskip, sem knúin eru eimorku, skulu bera nafn sitt og heimilisfang á afturstafni, enda skal setja nafn skips og önnur einkennismerki beggja megin á framstafn. Sleppa má nafni skipsins á framstafni, ef einkennismerki skipsins eru sett þar sams konar og þau, er segir í samningum þeim, er um getur í næstu málsgrein hér á eftir.

□ Nú er skip svo merkt, sem segir í samningi 6. maí 1882 um fiskiveiðar í Englandshafi, eða eins og mælt er í samningi 24. júní 1901 um fiskiveiðagæslu utan landhelgi við Ísland og Færeyjar, og skal þá sú merking talin nægileg.

<sup>1)</sup> Rg. 493/1986 (um merkingu skipa).

**■ 2. gr.**

□ Bannað er að afmá einkenni þau, er í 1. gr. segir, eða afbaka þau, gera þau óþekktanleg, hylja þau eða dylja, meðan skip er í íslenskri landhelgi.

**■ 3. gr.**

□ Það varðar sektum . . .<sup>1)</sup> ef fiskiskip kemur í íslenska landhelgi, eða hefst þar við, án þess að hafa á sér merki þau, er í 1. gr. segir, eða ef brotið er af ásettu ráði bann það, er í 2. gr. getur. Nú á botnvörpuskip hlut að máli, og skal þá svo með fara, sem slíkt skip hefði verið í landhelgi og hefði komið veiðarfærum sínum ólöglega fyrir.

□ Nú verða fyrirmæli laga þessara um merkingu skipa brotin, án þess að ásetningsbrot verði talið, og liggur þá . . .<sup>1)</sup> sekt við því.

□ Nú veiðir skip heimildarlaust í íslenskri landhelgi með vísvitandi duldam, afmáðum eða afbökuðum merkjum (sbr. 1. gr.), og skal þá ákveða refsingu fyrir brot þessi í einu lagi, en hækka skal sekt fyrir heimildarlaus veiði um allt að helmingi, og ekki má sekt lægri vera en sem svarar hæstu sekt fyrir fiskiveiðabrotið, ef gufuskip á hlut að máli.

<sup>1)</sup> L. 116/1990, 16. gr.

**■ 4. gr.**

□ . . .<sup>1)</sup>

□ Sektir samkvæmt lögum þessum renna í landhelgissjóð. Til tryggingar greiðslu sekta og málskostnaðar má kyrretja skip og síðan selja, að undangenginni aðför, til lúknings hvors tveggja.

<sup>1)</sup> L. 19/1991, 194. gr.